

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um hljóðvist.

1. *Hversu mörg heimili á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni liggja á svæðum þar sem hávaði fer yfir heilsuspillandi mörk samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum og íslenskum reglum þar um?*

Í reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir er m.a. fjallað um kortlagningu hávaða. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir: „Kortleggja skal hávaða á þéttbýlis-svæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans.“ Meta skal á a.m.k. fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurskoða hávaðakort.

Fyrir liggja upplýsingar úr kortlagningu hávaða sem Vegagerðin og ellefu sveitarfélög hafa staðið fyrir á grundvelli áðurnefndrar reglugerðar. Nýjustu upplýsingar eru frá árinu 2022 en einnig eru til eldri upplýsingar frá árunum 2017 og 2012. Þannig hefur hávaði almennt verið kortlagður í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Mosfellsbæ, Reykja-nesbæ, Borgarnesi, Hveragerði, á Akureyri, Selfossi og Seltjarnarnesi, auk þess sem Ísavia hefur kortlagt hávaða við Keflavíkurflugvöll. Við kortlagninguna er miðað við hávaða í 4 metra hæð yfir landi og hávaði gefinn upp með hávaðavisunum L_{den} (meðaltalsgildi hávaða yfir einn sólarhring) og L_n (gildi hávaða að nóttu til). Kortlagningin sýnir hávaðadreifingu yfir stór svæði og niðurstöður eru jafnan settar fram með sjónrænum hætti á hávaðakortum og metin stærðargráða á svæðum, fjölda íbúa, skóla og heilbrigðisstofnana sem verða fyrir hávaða sem er umfram L_{den} 55 dB og L_n 50 dB.

Samkvæmt ákvæðum í viðauka við reglugerð um hávaða, nr. 724/2008, er miðað við að hávaði frá vegum, við húsvegg íbúðarhúsnæðis á íbúðar-, verslunar-, þjónustu- og miðsvæð-um fari ekki yfir 55–65 dB L_{Aeq24} (meðaltalsgildi hávaða yfir einn sólarhring). Viðmið um heilsuspillandi hávaða er hins vegar 85 dB(A) L_{Aeq} (jafngildishljóðstig í 8 klst.), sbr. 7. gr. reglugerðar um hávaða.

Eftirfarandi eru samanteknar upplýsingar úr niðurstöðum úr áðurnefndri kortlagningu hávaða og sýna þær fjölda íbúa á landsvísu sem verða fyrir hávaða. Sundurliðaðar og nánari niðurstöður, auk yfirlits yfir hljóðvarnir, má nálgast á vef Umhverfis- og orkustofnunar. Það athugast að upplýsingarnar hér að neðan eru gefnar upp miðað við fjölda íbúa, en ekki heimila, í samræmi við verklag við kortlagninguna.

L_{den} [dB]	Fjöldi íbúa sem verða fyrir hávaða
55–59	19.813
60–64	7.460
65–69	1.860
70–74	340
>75	0

2. *Hversu oft hefur Umhverfisstofnun eða sveitarfélög gert mælingar á hávaða undanfarin fimm ár og hversu oft hefur verið gripið til úrbóta í kjölfarið?*

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sjá um að framkvæma eða láta framkvæma eftirlitsmælingar á hávaða skv. 11. gr. reglugerðar um hávaða, nr. 724/2008. Umhverfis- og orkustofnun hefur ekki slíkt hlutverk og hefur því ekki gert mælingar á hávaða síðustu fimm ár.

Í eftirfarandi töflu má sjá upplýsingar um fjölda mælinga á hávaða undanfarin fimm ár og hversu oft hefur verið gripið til úrbóta í kjölfarið, sundurliðað eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum. Alls hefur hávaði verið mældur 183 sinnum og í 126 tilvikum hefur verið gerð krafa um úrbætur. Það athugast að þegar hávaðamælingar eru gerðar getur niðurstaðan verið sú að hávaði er innan viðmiðunarmarka og þarfnast þá engra úrbóta við.

Mælingar	Úrbætur
1 (Suðurland)	1 (Suðurland)
18 (Norðurland vestra)	18 (Norðurland vestra)
2 (Vesturland)	2 (Vesturland)
4 (Vestfirðir)	3 (Vestfirðir)
2 (Austurland)	2 (Austurland)
35 (Norðurland eystra)	35 (Norðurland Eystra)
30 (Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes)	30 (Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes)
4 (Suðurnes)	4 (Suðurnes)
87 (Reykjavík)	31 (Reykjavík)
183	126

3. *Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar til að bæta hljóðvist í íbúðarhverfum og á svæðum þar sem fólk dvelur, svo sem vinnustöðum, skólum og leikskólum?*

Það er mikilvægt fyrir heilnæmi umhverfis að vel sé fylgst með hljóðvist í íbúðarhverfum og á vinnustöðum, í skólum og leikskólum og gerðar úrbætur þegar þörf er á.

Í lögum um mannvirki, nr. 160/2010, og byggingarreglugerð, nr. 112/2012, er ítarlega fjallað um hljóðvist og varnir gegn hávaða. Meginmarkmiðið er að byggingar og önnur mannvirki séu þannig hönnuð og byggð að heilsu og innra umhverfi sé ekki spillt af völdum hávaða og óþægindum af hans völdum sé haldið í lágmarki. Þá er til staðall um hljóðvist, ÍST 45:2016. Auk þess hefur Umhverfis- og orkustofnun gefið út leiðbeiningar um hljóðvistarkröfur í umhverfi barna, sjá *Leiðbeiningar Hljóðvistarkröfur í umhverfi barna 2012.pdf*.

Í ráðuneytinu er einnig unnið að breytingu á reglugerð um hávaða, nr. 724/2008, þannig að sett verði ákvæði er varða viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða frá skotvöllum, framkvæmdum, samkomustöðum og sérstöku viðburðum, vindmyllum og aksturslípróttasvæðum. Einnig er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefnd fái skýra heimild til að fara fram á að unnin sé greinargerð af hálfu rekstraraðila fyrir hljóðvist húsnæðis í samræmi við umfang og eðli starfsemi og möguleg grenndaráhrif, auk þess sem heilbrigðisnefnd verði heimilt að krefja framkvæmda- eða rekstraraðila um hljóðmælingar, svo sem með sítandi hljóðmæli, við framkvæmdir og starfsemi. Loks er fyrirhugað að uppfæra tilvísun í reglugerðinni í staðalinn *Hljóðvist – Flokkun íbúðarhúsnæðis* og tiltekið að yfirbyggðar svalir uppfylli ekki skilyrði þess að teljast hljóðlát hlið samkvæmt flokki C í staðlinum.

4. *Hefur ráðherra í hyggju að herða reglur um hávaðamörk í samræmi við alþjóðleg viðmið og tryggja virkara eftirlit með þeim?*

Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og í gegnum hann er tekin upp hér á landi löggjöf Evrópusambandsins er varðar hávaða og hávaðamörk. Meðal annars hefur tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu verið tekin upp hér á landi, sem kortlagning hávaða, sem áður var nefnd, byggist á. Evrópusambandið gefur út skýrslu á fimm ára fresti um innleiðingu tilskipunarinnar. Síðasta skýrslan er frá 2023 (*Noise Directive implementation report – European Commission*) og rannsókn á hávaðastefnu Evrópusambandsins var gerð árið 2021 (*Assessment of potential health benefits of noise abatement measures in the EU – Publications Office of the EU*). Ráðherra mun áfram fylgjast með þróun Evrópulöggjafar á þessu sviði og eitt af markmiðum með því er að fækka þeim íbúum sem verða fyrir áhrifum af umferðarhávaða.

Eftirlit með hávaða er almennt virkt, þótt tilefni sé til frekari umbóta hvað það varðar. Byggingarfulltrúar, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Vinnueftirlit ríkisins hafa eftirlit með hljóðhönnun húsa, hávaða og mæla hljóðstig og ómtíma. Jafnframt er, eins áður hefur verið nefnt, unnið að breytingu á reglugerð um hávaða þar sem fyrirhugað er að setja ný ákvæði er varða hávaða vegna ákveðinnar starfsemi auk þess sem gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndum verði heimilt að fara fram á við rekstraraðila að unnin sé greinargerð fyrir hljóðvist húsnæðis og að þær geti gert kröfu um hljóðmælingar við framkvæmdir og starfsemi.

5. *Hefur verið metið hvort stjórnvöld beri ábyrgð á skaða sem íbúar kunna að hafa orðið fyrir vegna vanrækslu á að tryggja ásættanlega hljóðvist?*

Ekki hefur verið metið sérstaklega hvort stjórnvöld beri ábyrgð á skaða sem íbúar kunna að hafa orðið fyrir vegna vanrækslu á að tryggja ásættanlega hljóðvist og liggur ekkert fyrir um að til bótaábyrgðar geti komið.